

Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna yfir Íslandi um makaskipti á kirkjujörð. Ráðgjafinn fyrir Ísland hefir með brjefi, dagsettu 13.f.m., tilkynnt mjer, að hans hátign konunginum hafi 12.s.m. allramildilegast þóknast að veita allrahæst samþykki sitt til þess, að makaskipti sjeu höfð á jörðinni Kolstöðum í Miðdalahreppi, sem er eign Suðurdalapingaprestakalls í Dalasýslu, fyrir jörðina Syðra Skógskot í sama hreppi og 400 kr. í peningum, þannig, að hin fyrnefnda jörð eptirleidis, að því er allar skyldur og skatta snertir, verði skoðuð sem bændaeign, en hin síðarnefnda jörð sem kirkjujörð, og með því skilyrði, að hinar umgetnu 400 kr. verði settar á vöxtu í Söfnunarsjóði Íslands sem óskerðanlegur höfuðstóll, sem sje eign Suðurdalapingaprestakalls og beneficiarius njóti vaxta af, að frádreginni 1 krónu vaxtanna, er árlega leggist við höfuðstólinn.

66
4. júlí

Þetta er hinum heiðruðu stiptsyfisvöldum hjermed þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

Reglugjörð

um lækning hunda af bandormum o. fl. í Dalasýslu.

1. gr.

Í hverjum hreppi sýslunnar skal hreppsnefndinni falið að annast um lækning hunda af bandormum og hafa eptirlit með því, að hlýtt sje fyrir mælum 5. gr. í lögum nr. 18, 22. maí 1890.

67

2. gr.

Hreppsnefndin skal skipta hreppnum í 3—4 deildir eptir því sem hún álitur þörf á, útvega lækningastað í hverri deild og setja einn áreiðanlegan mann til að framkvæma lækninguna í hverri deild, þó má sami maður framkvæma lækninguna í fleiri en einni deild. Lækningamenn þessir skulu safna að sjer á lækningastaðina öllum hundum, úr deildunum, tvisvar á ári, í apríl og nóvember, til lækninga. Skulu þeir tilkynna það eigendum þeirra með nægum fyrirvara. Eigendum hundanna er skylt, að flytja þá á lækningastaðinn og vitja þeirra þangað aptur.

3. gr.

Hverjum hundi skal gefa inn ákveðinu skammt af ormdrepandi meðali, og skal lækningunni, að því er snertir inngjöfina og meðferð á hundunum á undan inngjöfnni og á meðan meðalið er að verka, hagað nákvæmlega eptir fyrirsögn læknis.

4. gr.

Hreppsnefndin skal í tæka tíð útvega nægar byrgðir af meðulum til lækningarinnar. Eigi má brúka meðal, sem lengi er búið að geyma.

5. gr.

Nú valda forföll, að hundur kom eigi til lækninga, og skal þá húsbóndi hans, svo fljótt sem auðið er á eptir, færa hann þeim, er lækna skal, en ella skal áltast, að hann hafi skotið honum undan lækningu.

10. dag júlím. 1899.

Reykjavík. Ísafoldarprentsmiðja.